

eftirlit og umsjón með öllum heilbrigðis- og hollustuháttum vistheimilisins og skal sjá um að jafnan séu til á staðnum þau hreinlætis- og hjúkrunargögn og lyf, sem nauðsynleg eru talin slíkri stofnun.

16. gr.

Vistmaður skal leggja sér til þökkalegan fatnað til notkunar innan hús og utan.

Vistheimilið leggur vistmönnum til sængurbúnað allan, handklæði og allar almennar hreinlætisvörur, svo og hlífðarföt við vinnu. Vistmaður skal sjálfur sjá sér fyrir tóbaki.

17. gr.

Vinnuskylda fylgir dvöl á vistheimilinu og er útivera og reglubundið starf einn þáttur lækningarinnar. Vistmenn fá því ekki kaup fyrir þau störf, sem þeir inna af hendi, en greiða skal hverjum þeim vistmanni, sem vinnur tilskilinn tíma dag hvern, þóknun, og á hann rétt til að nota það fé til eigin þarfa.

Stjórn vistheimilisins ákveður þóknun þessa að fenginni tillögu heimilisráðs. Ráðsmaður vistheimilisins sér um greiðslu þóknunarinnar og gerir hana upp við vistmenn vikulega.

18. gr.

Ef deild úr A-A-samtökunum starfar á vistheimilinu, er þess vænt að vistmenn sækji fundi hennar og kynni sér sem best viðhorf þeirra samtaka til áfengisvandamálsins.

19. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna dvalar á vistheimilinu fer að lögum.

Tekjur vistheimilisins er gert ráð fyrir að séu:

- a. Daggjöld með vistmönnum samkv. lögum.
- b. Opinberir styrkir.
- c. Ágóði af búskap og öðrum rekstri í Viðnesi.
- d. Gjafir og styrktarfé, sem stofnuninni kann að áskotnast.

Reglugerð þessi, sem stjórn Vistheimilis Bláa Bandsins í Viðnesi hefur samið og samþykkt samkvæmt niðurlagsákvæðum 4. gr. skipulagsskrár fyrir Vistheimili Bláa Bandsins í Viðnesi, nr. 154/1967 staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra nr. 39 19. maí 1964 til að öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. ágúst 1969.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um hámarkstölu vörubifreiða í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Sýslunefnd getur, að fengnum tillögum Vörubifreiðastjórafélagsins Skjaldar í Vestur-Ísafjarðarsýslu, og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins, ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða í Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

2. gr.

Áður en sýslunefnd ákveður hámarkstölu samkvæmt 1. grein, skal félagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi í stéttinni á s.l. 12 mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga, og hve margar inntökubeiðnir hafa borizt félaginu, svo og öðru því, er máli skiptir. Ennfremur skal félagið láta sýslunefnd í té rökstudda tillögu um hámarkstölu vörubifreiða á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Áður en sýslunefnd ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka vinnuveitenda um málið.

3. gr.

Í októbermánuði ár hvert tekur sýslunefnd ákvörðun um hvar hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en tala starfandi vörubifreiða hjá Vörubifreiðastjórafélaginu Skildi 1. þess mánaðar.

Ákvörðun samkvæmt 1. málsgrein gildir í eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlangdar næsta ár.

4. gr.

Stjórn félagsins er skylt að veita sýslunefnd allar þær upplýsingar, sem sýslunefnd telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd samþykktar þessarar.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur sýslunefnd breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðila, er um getur í 2. grein og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

5. gr.

Samþykkt þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða né vörubifreiða, sem eru í eign einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki aðild að Vörubifreiðastjórafélaginu Skildi. Ef ágreiningur rís um, hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið samkvæmt samþykkt þessari, sker sýslunefnd úr því.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 1 31. janúar 1966 um leigu-bifreiðar, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytinu, 19. ágúst 1969.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

10. september 1969.

Nr. 229.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 60 28. maí 1962, um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald í búnaðarmálasjóð greiðist af mjólkurbúum, sláturhúsum, verzlunum og öðrum sölumiðstöðvum svo og hótelum og öðrum fyrirtækjum, sem veita vörum móttöku frá framleiðendum, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt framleiðendum, og má aldrei hækka söluverð varanna fyrir gjaldi þessu. Nú tekur sláturhús gripi til slátrunar, sem framleiðandinn tekur aftur sjálfur til eigin neyzlu eða sölu, þer sláturhúseiganda þá að halda eftir hinu lögboðna